

## AUGLÝSING

### um gjaldskyld bílastæði.

Borgarráð Reykjavíkur, að fenginni tillögu skipulags- og umferðarnefndar Reykjavíkur, ákvað eftirfarandi á fundi sínum 17. desember 1996, með tilvísun til 83. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987 og 1. gr. reglna um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku frá febrúar 1988:

Bílastæði á Lækjargötu við vestari götukant frá Austurstræti að syðri mörkum Lækjargötu 4 verði gjaldskyld. Settir verða upp stöðumælur með einnar klukkustundar leyfilegum hámarkstíma og tímagjaldinu 50 krónur á klukkustund. Á svæðinu eru stæði fyrir 7 bíla.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 17. desember 1996.

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.**

Nr. 646

13. desember 1996

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Reyðarfjarðarhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphreinsunargjald	4.500 kr. á hverja tunnu.
Sorpeyðingargjald	3.500 kr. á hverja tunnu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. janúar 1997.

*Umhverfissráðuneytinu, 13. desember 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*